

## Heimsækið okkur eða hafið samband

Ritver Háskóla Íslands

Staðsetning: Þjóðarbókhlaða (2. hæð)

Sími: 525 5696

[ritver.hi.is](http://ritver.hi.is)

Netfang: [ritver@hi.is](mailto:ritver@hi.is)

Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn

Staðsetning: Þjóðarbókhlaða

Sími: 525 5685

[landsbokasafn.is](http://landsbokasafn.is)

Netfang: [upplys@landsbokasafn.is](mailto:upplys@landsbokasafn.is)

Heilbrigðisvísbókasafn LSH og HÍ

Staðsetning: Eirberg, Landspítala v/Hringbraut

Sími: 543 1450

[bokasafn.landspitali.is](http://bokasafn.landspitali.is)

Netfang: [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is)



# Ritver og bókasöfn Háskóla Íslands

Þjónusta við fræðileg skrif

# Námskeið Vinnustofur Persónuleg aðstoð

Fyrir nemendur og starfsmenn HÍ



Landsbókasafn Íslands  
Háskólabókasafn

HEILBRIGÐISVÍSBÓKASAFN  
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Námskeið

Ritver og bókasöfn HÍ bjóða ýmis námskeið sem auðvelda nemendum að finna og vinna með heimildir, byggja upp ritgerðir og tileinka sér markviss og vönduð vinnubrögð.

Námskeiðin eru opin öllum nemendum Háskóla Íslands nema annað sé tekið fram.

### Dæmi um námskeið í boði:

- ◆ BA/BS-ritgerðir: fyrstu skref
- ◆ Heimildaleit
- ◆ Heimildaskráning í EndNote
- ◆ Notkun heimilda samkvæmt APA- og Chicago-staðli
- ◆ Uppbygging ritgerða



## Persónuleg aðstoð

Ritverið býður einstaklingsbundna aðstoð. Viðtalsfundir eru í Þjóðarbókhlöðu og á Teams.



Allir nemendur með verkefni í smíðum geta pantað viðtalsfund hjá ráðgjafa ritvers.

Viðtalsfundi er hægt að bóka á vef ritversins.

Heilbrigðisvíssindabókasafn LSH og HÍ og Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn bjóða einstaklingum og litlum hópum að bóka tíma og fá aðstoð við heimildaleit. Nánari upplýsingar á vefjum safnanna.

## Vinnustofur ritvers

Á vinnustofum kemur fólk saman og fær stuðning við verkefni sitt, allt frá rannsóknaráætlun til lokafrágangs. Fólk skiptist líka á hugmyndum og gefur hvort öðru góð ráð.

**Ritver Háskóla Íslands** býður upp á vinnustofur fyrir nemendur sem eru að skrifa náms- eða lokaritgerð á öllum námsstigum. Vinnustofurnar eru opnar öllum nemendum Háskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um vinnustofur á vegum ritversins er að finna á heimasíðu þess og þar er einnig hægt að skrá sig.

## Verkefnavaka

Á verkefnavökum HÍ geta nemendur sem eru að vinna að skriflegum verkefnum, t.d. lokaritgerð, sótt fræðslu, upplýsingar, stuðning og aðstoð.



Verkefnavakan er haldin í Þjóðarbókhlöðu á hverju vormisseri og að henni standa Ritver og Nemendaráðgjöf HÍ, Heilbrigðisvíssindabókasafn LSH og HÍ og Landsbókasafn — Háskólabókasafn.

[leidarvisar.is/verkefnavaka](http://leidarvisar.is/verkefnavaka)